

**Sp.**

**186. Breytingartillögur**

[149. mál]

við till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu.

Frá Eggert Haukdal og Guðmundi Karlssyni.

1. 1. liður orðist svo:

Samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjun verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaárvæðinu og í framhaldi af því stækkun þeirra stöðva, sem fyrir eru, eftir þörfum til þess að ná sem mestri orkuvinnslugetu.

2. 2. liður orðist svo:

Eftir því sem orkunýting gefur tilefni til verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Hrauneyjafossvirkjun Blönduvirkjun, samkv. virkjunarkosti 1 og samhliða henni Sultartangavirkjun.

3. 3. liður orðist svo:

Unnið verði áfram að rannsóknum og hönnun Fljótsdalsvirkjunar. Framkvæmdir við hana verði hafnar svo fljótt sem hagkvæmt þykir.

4. 6. liður falli niður.